



NORÐUROKA  
NYTT AFL

Ársskýrsla 2005



## Ársskýrsla 2005

### Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn og skipurit	3
Yfirlit forstjóra yfir rekstur 2005	4
Lykilstærðir – Hitaveita	10
Lykilstærðir – Rafveita	13
Lykilstærðir – Vatnsveita	16
Viðskiptavinir	18
Ársreikningar 2005	19

---

Útgefandi:	Norðurorka hf.
Umsjón:	Agnar Árnason
Umbrot:	Stíll
Forsíðumynd:	Glerárvirkjun 2005, ASvS
Prentun:	Ásprent
Ljósmyndir:	Páll A. Pálsson, ASvS o.fl.



Bjarni Jónasson stjórnarformaður

## Gróskumikið og gott ár

Árið 2005 var gott ár í rekstri Norðurorku hf. Áframhaldandi gróska á veituvæðum félagsins með tilheyrandi húsbýggingum endurspegladist m.a. í fjölda nýrra viðskiptavina og hækkandi tekjum.

Tekjur Norðurorku á árinu 2005 voru samtals tæpar 1.684 milljónir króna, sem er nokkru meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam um 804 milljónum króna, eða 47,4%. Hagnaður ársins nam um 301 milljón króna. Veltufé frá rekstri nam um 715 milljónum og arðsemi eigin fjár var 18,2%. Fjárfestingar ársins voru um 859 milljónir og vógu þar stærst kaupin á Hitaveitu Ólafsfjarðar. Skuldir og skuldbindingar stóðu nokkurn veginn í stað á milli ára og voru um 2,9 milljarðar króna. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 4.552 milljónir króna.

Tekjur Norðurorku hafa farið vaxandi að raungildi undanfarin ár, eða um þriðjung frá árinu 2002, þrátt fyrir lækkandi gjaldskrá. Á sama tíma hefur framlegð veitukerfa batnað. Þá hefur eiginfjárlutfall vaxið frá árinu 2002 úr 24,9% í 35,7% árið 2005. Þetta endurspeglar þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað á þjónustusvæðum Norðurorku og kaup á öðrum veitum.

Hinn 1. janúar 2006 tók Norðurorka við rekstri Hitaveitu Ólafsfjarðar. Þá keypti Norðurorka Vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps og tók einnig við rekstri hennar 1. janúar sl. Viðræður um veitumál hafa staðið yfir við önnur sveitarfélög í nágrenninu. Viljayfirlýsing var undirrituð milli Norðurorku, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar um framhald athugana á lagningu hitaveitu um Fnjóskadal og allt til Grenivíkur. Ekki er enn búið að ljúka fjármögnun veitunnar né taka endanlegar ákvarðanir um framhaldið.

Endurbygging Glerárvirkjunar hófst í árslok 2004. Virkjunin var tilbúin til prufukeyrslu í júní sl. og var hún formlega vígð 27. ágúst.

Norðurorka rekur sérstaka söludeild sem sinnir kaupum og sölu á raforku. Teikn eru á lofti um að samkeppnisstaða félagsins á raforkusölumarkaði fari versnandi. Stjórn þess hefur rætt þessi mál ítarlega og leitað hefur verið eftir samstarfi við aðra söluaðila. Þar til þau mál hafa verið til lykta leidd heldur Norðurorka sölustarfsemi sinni áfram í óbreyttri mynd. Hins vegar er ljóst að á meðan eitt fyrirtæki á 70-80% virkjana og hefur í raun einokunarstöðu á raforkuframleiðslumarkaðinum verður ekki eðlileg og frjáls samkeppni á raforkusölumarkaði.

Fallorka ehf., sem Norðurorka á 40% hlut í, er að taka í notkun Djúpadalsvirkjun II. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta virkjunarinnar verði um eitt megawatt. Hægt er að auka framleiðslugetuna um 400 kw og yrði þá framleiðsla Djúpadalsvirkjana I og II um 3,5 megawött. Frekari virkjanir í Eyjafirði eru til skoðunar.

Landsvirkjun hf. gerðist hluthafi í Þeistareykjum ehf. í kjölfar hluta-fjárauðningar. Eftir þetta eru hlutir Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur ehf. og Landsvirkjunar hf. allir jafn stórir, eða um 32% hver. Í ár verður rannsókn um á svæðinu haldið áfram. Þær eru liður í því að komast að orku og aflgetu þessara háhitasvæða þannig að þau séu tilbúin til virkjunar þegar þörf verður fyrir mikla raforku vegna orku-freks iðnaðar á Norðurlandi.

Nýtt upplýsinga- og bókhaldskerfi var tekið í notkun á árinu. Samið hefur verið við vottunarstofu um vottun á ISO-gæðakerfi fyrirtækisins og gert er ráð fyrir að kerfið fái staðfestingu á fyrri helmingi ársins 2006.

Á árinu var samþykkt að leggja til að verðskrá vatnsveitu yrði breytt í grundvallaratriðum og hún slitin úr tengslum við fasteignamat. Með því næst fram meiri jöfnuður í gjalddóku en nú er. Hinni nýju gjaldskrá er ekki ætlað að breyta heildartekjum vatnsveitunnar. Unnið hefur verið að framgangi þessa máls og gera má ráð fyrir að endanlegar tillögur líti dagsins ljós á fyrri hluta þessa árs.

Vel tókst til að tryggja enn frekar vatnsöflun hitaveitunnar. Eftir vel heppnaða viðgerð á borholu á Laugalandi á Þelamörk í desember 2004 var í janúar 2005 hafist handa um borun nýrrar vinnsluholu á jarðhitasvæðinu við Hjalteyri og gaf hún góða raun. Þetta tvöfaldar næstum því orkugetu hitaveitunnar.

Þann 29. desember hélt Norðurorka árlegt málþing sitt þar sem flutt voru erindi, meðal annars um jarðhita, neysluvatn og áhrif nýrra raforkulaga.

Árið 2006 taka gildi ný lög um tekjuskatt orkufyrirtækja og koma þau til með að hafa sín áhrif á hagnað starfseminnar. Samkvæmt þeim spám, sem fyrir liggja um gengi krónunnar sem og þróun vaxta innanlands og utan, er líklegt að ytra umhverfið verði fyrirtækinu mótdrægt á næsta ári. Norðurorka er hins vegar vel í stakk búin til að takast á við versnandi ytri skilyrði og jafnframt að takast á við ný og krefjandi viðfangsefni.

Ég vil, fyrir hönd stjórnar, þakka stjórnendum og starfsfólki Norðurorku farsæl og árangursrík störf á liðnu ári. Einnig vil ég þakka viðskiptavinum og samstarfsaðilum öllum góð samskipti á árinu. Þá vil ég færa hluthöfum bestu þakki fyrir ánægjulega samvinnu og að endingu vil ég þakka Franz Árnasyni forstjóra og meðstjórnendum mínum ákaflega ánægjulegt samstarf.

Bjarni Jónasson




Stjórn og forstjóri Norðurorku

### Stjórn Stjórn Norðurorku árið 2005 var þannig skipuð:

Bjarni Jónasson, formaður  
 Hákon Hákonarson, varaformaður  
 Kristín Sigfúsdóttir, ritari  
 Sigurður Hermannsson  
 Helgi Snæbjarnarson

Varastjórn skipa: Baldvin Valdemarsson, Einar S. Bjarnason, Gunnar S. Gíslason, Hallur Gunnarsson og Oddur Helgi Halldórsson

### Skipurit



## Aðalfundur

Aðalfundur Norðurorku hf. árið 2005 var haldinn 10. apríl 2005. Í stjórn voru kjörin: Bjarni Jónasson, Hákon Hákonarson, Helgi Snæbjarnarson, Kristín Sigfúsdóttir og Sigurður Hermannsson. Varastjórn skipa eftirtaldir: Baldvin Valdemarsson, Einar S. Bjarnason, Gunnar S. Gíslason, Hallur Gunnarsson og Oddur Helgi Halldórsson. Stjórnin kom saman til síns fyrsta fundar strax að loknum aðalfundi og skipti með sér verkum þannig: Formaður Bjarni Jónasson; varaformaður Hákon Hákonarson; ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Helgi Snæbjarnarson og Sigurður Hermannsson. Stjórn fyrirtækisins hefur haldið 15 fundi frá síðasta aðalfundi.

## Stjórnsýsla og fjármál

Á árinu keypti Norðurorka Hitaveitu Ólafsfjarðar og tók við rekstri hennar 1. janúar sl. Þá keypti Norðurorka hf. Vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps og tók einnig við rekstri hennar 1. janúar. Viðræður hafa verið í gangi við önnur sveitarfélög í nágrenninu um veitumál. Viljayfirlýsing var undirrituð milli Norðurorku, Grýtubakkahrepps og Þingeyjarsveitar um framhald athugana á lagningu hitaveitu um Fnjóskadal og allt til Grenivíkur. Viðræður við Eyjafjarðarsveit hafa staðið með hléum um frekari útbreiðslu hitaveitu í sveitarfélaginu. Norðurorka hf. tók að sér að sjá um útgáfu og útsendingu reikninga fyrir Hitaveitu Eskifjarðar þegar hún tók til starfa seint á árinu 2005.



Franz Árnason  
forstjóri


Tekjur Norðurorku á árinu 2005 voru samtals tæpar 1.684 milljónir króna, sem er nokkru meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 323 milljónir króna. Fjárfestingar ársins voru um 859 milljónir. Niðurstöðutala efnahagsreiknings er 4.552 milljónir króna. Tekjur Norðurorku hafa farið vaxandi að raungildi undanfarin ár, þrátt fyrir lækkandi gjaldskrá, og að sama skapi hefur framlegð veitukerfa batnað. Ársreikningur 2005 er settur upp með nokkuð breytu sniði, miðað við fyrri ár, bæði vegna þess að tekið hefur verið í notkun nýtt upplýsinga- og bókhaldskerfi og ákveðnar rekstrareiningar eru nú reknar í samkeppnisumhverfi. Mikil vinna var við að fá hið nýja upplýsinga- og bókhaldskerfi til að virka eins og best yrði á kosið en innleiðingin var þó síst erfiðari en búist hafði verið við. Áfram var unnið við gæðakerfi fyrirtækisins sem nú er nánast tilbúið til vottunar.

Verðskrá hitaveitu var breytt 1. júlí 2005 og verð á heitu vatni þá lækkað um rúm 3%, en fast gjald hitaveitu látið fylgja verðlagsþróun. Landsvirkjun hækkaði verð á raforku samkvæmt 7 og 12 ára kaupsamningum um 1,33% frá og með 1. ágúst 2005. Smásöluverð á raforku frá sölu-deild Norðurorku breyttist hins vegar ekki.

Samið var um ágreiningsmál við Rafmagnsveitur ríkisins (Rarik) varðandi raforkuflutning frá Djúpadalsvirkjun til Akureyrar og að mannvirkjum Norðurorku við Hjalteyri og Laugaland í Eyjafjarðarsveit. Rarik keypti rafstreng til Hjalteyrar og spennistöð þar. Norðurorka annast áfram raforkuflutning frá Djúpadalsvirkjun. Félagið kaupir nú alla raforku vegna dælingar, hvort sem er á Akureyri eða annars staðar, af söludeild sinni.



Sigurður J. Sigurðsson  
deildarstjóri fjármálaeildar



Línurit þetta sýnir verðþróun á raforku og heitu vatni hjá Norðurorku hf. Til að sýna samanburð eru bygginga- og launavísitala hafðar með ásamt heildarverði raforku frá Landsvirkjun og Landsneti hf. á afhendingarstað við Akureyri. Hvað varðar áramót 2006, eru sett inn þau gildi sem fyrir liggja. Hér er taxti A1 sýndur í heild, þ.e.a.s. raforka: flutningur og dreifing. Hann er sýndur óbreyttur við áramót 2005-2006 miðað við síðustu formlegu ákvörðun stjórnar Norðurorku hf.



Þann 29. desember hélt Norðurorka hf. árlegt málþing sitt þar sem flutt voru erindi, meðal annars um jarðhita, neysluvatn og áhrif nýrra raforkulaga. Auk þess var úthlutað styrkjum, sem stjórnin ákvað á fundi sínum í september. Háskólanum á Akureyri og Iðnaðarsafninu á Akureyri var veittur fastur árlegur styrkur næstu þrjú ár. Auk þessa fengu styrki Leikfélagi Akureyrar, Listasafnið á Akureyri, Jassklúbbur Akureyrar og styrkt var útgáfa bókarinnar „Myndlist á Akureyri að fornu og nýju“. Þá ákvað stjórnin jafnframt að afhenda Skautafélagi Akureyrar peningagjöf til minningar um Magnús Einar Finnsson, deildarstjóra hjá Norðurorku.

### Glerárvirkjun og önnur raforkuframleiðsla



Glerárvirkjun 1922

Endurbygging Glerárvirkjunar hófst í árslok 2004. Virkjunin var tilbúin til prufukeyrslu í júní 2005 og var hún formlega vígð 27. ágúst. Glerárvirkjun er mjög fallegt mannvirki sem Norðurorka er stolt af. Raforkuframleiðsla í virkjuninni hefur hins vegar gengið upp og ofan, aðallega vegna þess hversu mikið af rusli berst með ánni og sest á inntaksristar aðrennslispípu vatnsvélarinnar. Eftir er að hækka Glerárstíflu um 0,7 metra og á það að auka raforkuframleiðslu virkjunarinnar umtalsvert. Raforkuframleiðslan var, eins og oft hefur komið fram, ekki meginástæða endurbyggingar virkjunarinnar.



Glerárvirkjun 2005

Fallorka ehf., sem Norðurorka á 40% hlut í, hóf á vordögum framkvæmdir við Djúpadalsvirkjun II ásamt stíflugerð við Stóradal til að mynda þar uppistöðulón. Undir árslok var virkjunin tilbúin til prófana og vatn var farið að safnast í lónið.

Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta virkjunarinnar verði um eitt megawatt fyrst um sinn. Uppistöðulónið við Stóradal rúmar um 1,6 gígalíttra og nægir virkjununum í allt að 14 daga. Í september var haldinn hluthafafundur í Þeistareykjum ehf. þar sem hlutafjár aukning var samþykkt og Landsvirkjun hf. gerðist hluthafi í félaginu. Eftir þetta eru hlutir Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur ehf. og Landsvirkjunar hf. allir jafn stórir, eða um 32% hver. Samkvæmt samkomulagi, sem gert var í tengslum við aðkomu Landsvirkjunar að Þeistareykjum ehf., er ráðgert að bora á árinu 2006 eina rannsóknar- og vinnsluhölu á Þeistareykjum og jafnframt skuldbindur Landsvirkjun sig til að bora svipaðar holur í Bjarnarflagi og á vestursvæði Kröflu.



Agnar Árnason  
deildarstjóri Markaðs- og þjónustudeildar



Gunnar H. Gunnarsson  
deildarstjóri Framkvæmda- og tækni­eildar

## Raforkulög og sala raforku

Raforkulög nr. 65, 27. mars 2003, tóku að hluta gildi 1. janúar 2005. Þann 1. janúar 2006 eiga þau síðan að taka gildi að fullu. Þannig eiga allir að hafa heimild til að velja sér raforkusala frá og með 1. janúar 2006. Það varð hins vegar ljóst á haustdögum 2005 að tæknibúnaður, sem þarf til að það sé kleift, er ekki tilbúinn og því ákvað iðnaðarráðuneytið að fresta í raun þeim möguleika eitthvað fram á árið 2006 að allir geti valið sér raforkusala. Sölu­eild Norðurorku, sem nú annast kaup og sölu á rafmagni, gekk vel á árinu. Hins vegar eru teikn á lofti um að samkeppnisstaða félagsins á markaðinum fari versnandi. Norðurorka hefur ekki yfir raforkuframleiðslu að ráða og getur því ekki hagrætt í innkaupsverði á eigin raforkuframleiðslu og þar með á verði raforku frá sölu­eild sinni. Auk þess er fyrirtækið bundið af 7 og 12 ára samningum við Landsvirkjun um stóran hluta raforkukaupa sinna. Stjórn Norðurorku hefur rætt þessi mál ítarlega og leitað hefur verið eftir samstarfi við aðra söluaðila. Þar til þau mál hafa verið til lykta leidd hefur Norðurorka sölustarfsemi sinni áfram í óbreyttri mynd. Það er hins vegar ljóst að á meðan eitt fyrirtæki á 70-80% virkjana og hefur í raun einokunarstöðu á raforkuframleiðslumarkaðinum kemst ekki á eðlileg og frjálts samkeppni á raforkusölu­markaði.

## Rafveitan

Á þessu fyrsta ári frelsisins í raforkumálum tókst að halda rekstri dreifikerfis raforku innan þess ramma sem eftirlitsaðili ríkisins, Orkustofnun, úthlutaði Norðurorku til þess verkefnis. Norðurorka undirstrikar mikilvægi þess að tekjurammar dreifiveitna verði ekki skertir um of þannig að það komi niður á nauðsynlegu viðhaldi og afhendingaröryggi. Verðþróun raforku síðustu árin, sbr. línuritíð hér að framan, gefur ekki tilefni til þess að ætla að gjaldtaka Norðurorku hafi verið eða



Stefán H. Steindórsson  
aðstoðardeildarstjóri Framkvæmda- og tækni­eildar



sé óhófleg. Félagið varar við frekari útpenslu eftirlitskerfis með rekstri raforkufyrirtækjanna með tilheyrandi kostnaði fyrir raforkunotendur.

Framkvæmdir í dreifikerfi rafmagns hafa eðli málsins samkvæmt einskorðast við dreifisvæði rafveitu Norðurorku, sem er Akureyri. Dreifikerfið stækkaði mikið á árinu enda mikið lagt af nýjum götum auk þess sem mikið var byggt. Tengdir voru 204 nýir viðskiptavinir. Áfram er haldið skoðun á eldri kerfum til að uppfylla kröfur þar um. Norðurorka seldi samtals um 107 gígawattstundir af forgangsrafmagni á árinu, sem svarar til 6.400 kílówattstunda á hvert mannsbarn á veitusvæðinu. Ekki urðu umtalsverðar truflanir á raforkuafhendingu og má meðal annars þakka það góðu dreifikerfi, sem haldið hefur verið vel við.



### Vatnsveitan

Ekki var unnið mikið við vatnsvirkjanir né aðveituæðar vatnsveitunnar á árinu. Vatnsveitan er rekin sem matvælafyrirtæki í samræmi við lög og reglur. Eftirlitskerfi, svokallað „GÁMES“, er notað til að vakta flesta þætti rekstrarins. Kerfið er hluti af gæðakerfi Norðurorku. Vatnssala til stórnotenda hefur dregist saman, sem stafar m.a. af minnkandi rækjuvinnslu. Á árinu var kannað hvernig hægt væri að ná fram meiri jöfnuði í gjaldröku. Meðal annars var kannaður fýsileiki þess að setja sölumæla hjá öllum viðskiptavinum. Sú leið er kostnaðarsöm, bæði við uppsetningu mæla, viðhald og aðra umsýslu. Samþykkt var að leggja til að verðskrá vatnsveitu yrði breytt í grundvallaratriðum og hún slitin úr tengslum við fasteignamat. Með því næst fram meiri jöfnuður í gjaldröku en nú er án þess að setja upp mælibúnað hjá öllum viðskiptavinum. Hinni nýju gjaldskrá er ekki ætlað að breyta heildartekjum vatnsveitunnar. Unnið hefur verið að framgangi þessa máls og gera má ráð fyrir að endanlegar tillögur líti dagsins ljós á fyrri hluta árs 2006. Það er von félagsins að hin nýja gjaldskrá taki gildi 1. janúar 2007. Vatnsnotkun á árinu nam 4.000.000 tonnum, sem svarar til um 232.000 lítra á hvert mannsbarn á veitusvæðinu.

### Hitaveitan

Góð tíðindi eru af vatnsöflun hitaveitunnar. Eftir vel heppnaða viðgerð á borholu á Laugalandi á þelamörk í desember 2004 var í janúar 2005 hafist handa um borun nýrrar vinnsluholu á jarðhitasvæðinu við Hjalteyri. Boruð var um 1.400 metra djúp hola í um það bil 70 metra fjarlægð frá fyrri vinnsluholu. Holan var höfð víðari en aðrar holar, sem boraðar hafa verið fyrir hitaveituna. Borun gekk mjög vel og lauk henni 22. janúar. Við loftdæluprófun virtist holan geta gefið allt það vatn sem upp um hana kemst. Vonir standa því til að jarðhitakerfið geti staðið undir allt að 200 sekúndulíttra dælingu án óásættanlegs niðurdráttar vatnsborðs. Þetta kemur betur í ljós þegar farið verður að dæla úr holunni að staðaldri.

Vatnshiti á Hjalteyri er um 87°C og nýtanleg varmaorka, til húshitunar og iðnaðarnota, frá svæðinu miðað við 200 sekúndulíttra er 50 megawött.

Þetta tvöfaldar næstum því orkugetu hitaveitunnar og tvöfaldar líklega aflgetuna. Hins vegar er ekki hægt að koma 200 sekúndulítrum um aðveituæðina frá Hjalteyarsvæðinu til Akureyrar. Tæpast verður þó þörf á stækkun hennar næsta áratuginn eða svo.

Dreifikerfi hitaveitu er mun víðfeðmara en raf- og vatnsveitukerfin og nú hefur Ólafsfjörður bæst við. Áform eru uppi um frekari stækkun hitaveitunnar, bæði í Eyjafjarðarsveit og Fnjóskadal.



Dreifikerfi hefur þegar verið lagt í orlofsbyggðina á Illugastöðum. Framkvæmdir eru einnig hafnar við aðveituæð frá Reykjum. Borhola á Reykjum var dæluþrófuð frá ágúst til desember. Svo virðist að holan standi undir því vatnsmagni sem þarf fyrir „Reykjaveitu“, þ.e.a.s. veitu allt frá Reykjum að Grenivík. Hins vegar liggur fyrir að borholan er ekki í aðaluppstreymisrás heitavatsins og gæti því kólnað með árunum. Ekki er þó talin hætta á að fyrirhuguð vatnstaka úr holunni valdi vandræðum, en ef um verulega aukningu á vatnsnotkun, umfram núverandi áætlanir, verður að ræða, þarf að bora eftir meira vatni.

Á árinu bættust 190 viðskiptavinir við hjá hitaveitunni og dreifikerfið var lengt um 12.897 metra, aðallega á Akureyri, í Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd.

## Starfsmannamál

Þann 13. febrúar lést Magnús E. Finnsson, deildarstjóri tækni- og framkvæmdadeildar Norðurorku, eftir stutt en erfið veikindi. Magnús var fæddur 21. júlí 1959 og var því aðeins 45 ára er hann lést. Hann hóf störf hjá Hitaveitu Akureyrar sem tæknifulltrúi árið 1988 og var þátttakandi í þeim miklu breytingum sem veitufyrirtæki Akureyringa hafa gengið í gegn um síðan þá. Magnús hafði viðtæka þekkingu á tæknilegum mállefnum og framkvæmdum Norðurorku og naut vinsælda og virðingar í starfi. Magnúsar er sárt saknað af samstarfsmönnum hjá félaginu.

Öllu starfsfólki Norðurorku eru þokkuð góð störf á árinu og þá ekki síst sú samstaða sem starfsmenn sýndu í þeim erfiðleikum sem fráfall deildarstjóra tækni- og framkvæmdadeildar olli. Tveir starfsmenn létu af störfum á árinu og tveir nýir starfsmenn hófu störf.

Haldnir voru 6 starfsmannafundir þar sem kynnt voru gæðamál, málefni Norðurorku og það sem efst var á baugi innan félagsins hverju sinni. Starfsbróunarsamtöl fóru fram í mars en þau eru orðin fastur þáttur innan fyrirtækisins og mælast vel fyrir.

## Gæðastjórnunarkerfið

Haldnir voru 20 fundir í gæðaráði á árinu. Hafist var handa um breytingar á gæðakerfinu með það í huga að gera kerfið vottunarhæft. Ráðgjafi við endurgerð gæðakerfisins var valinn Haraldur Hjaltason hjá H2H Ráðgjöf ehf.


Uppbygging hefur gengið að vonum og eru nú þegar samþykkt 6 stefnuskjöl og 12 verklagsreglur. Talsverðar breytingar eru þessu samfara en verklagsreglum er fækkað talsvert og eldri reglur gerðar að vinnulýsingum. Öryggisstjórnunarkerfi raforkuvirkja og Gámes-kerfið, sem þegar var vottað, eru óbreytt. Í ársbyrjun fór fram úttekt á vegum Rafskoðunar ehf. á öryggisstjórnunarkerfi raforkuvirkja og sá Haraldur Hjaltason um innri úttektir á 14 reglum gæðastjórnunarkerfisins.




## Samstarfsaðilar og viðskiptamenn

Norðurorka þakkar öllum viðskiptavinum sínum viðskiptin á árinu. Þá býður félagið þá nýju viðskiptamenn, sem í hópinn bættust, velkomna og vonast til að þeir verði ánægðir með viðskiptin. Þeim mörgu aðilum, sem Norðurorka skiptir við, svo sem ráðgjöfum, verktökum, birgjum og öðrum, sem starfað hafa fyrir félagið á árinu, eru þokkuð góð störf og þjónusta. Samstarfsaðilum, svo sem Samorku, Akureyrarbæ, ýmsum veitufyrirtækjum og félögum, er þakkað samstarfið.











## Hitaveita Heitavatsnöflun 2005 5.045.955 m³

Sala á heitu vatni óx á árinu vegna stækkunar hitaveitunnar og kalt var í ágúst og september.





## Hitaveita Vatnsvinnsla 2005



## Hitaveita Próun vinnslu á heitu vatni 1994-2005

Orkunotkun, orkuþörf og orkumáttur hitaveitu




**Hitaveita Raforka til dælingar á heitu vatni frá virkjunarsvæðum kWh**




<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	17.072	17.292	18.059	18.663
Húsveitur	5.014	5.181	5.564	5.754
Rúmmál húsa tengd hitaveitu m <sup>3</sup>	4.042.644	4.159.878	4.344.472	4.500.476
Hemlar	3	3	130	130
Orkumælar	19	19	19	19
<b>Orkuöflun á jarðhitasvæðum</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Fjöldi virkjaðra borhola:				
Með djúpdælu	10	11	11	11
Án djúpdælu	2	1	2	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	58	73	73	74,5
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m <sup>3</sup>	4.270.675	4.162.280	4.950.852	5.200.000
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug C°	89	89	89	89
<b>Aðveituæðar/orkuöflun</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Lengd safn- og aðveituæða:				
Stál m	32.285	51.869	51.869	51.869
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	44.085	63.669	63.669	63.669
Rafskautsketill:				
Uppsett afl MW	4,4	4,40	4,4	4,4
Raforkunotkun á árinu GWh	10,60	8,8	6	2,4
Olíuketill:				
Uppsett afl MW	12	12	12	12
Olíunotkun á árinu lítrar	432.000	19.000	0	0
<b>Dreifikerfi og dælustöðvar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) 1) MW	72	86,5	86,5	86,5
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu 1) MW	54,6	53,4	61,3	58,7
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m <sup>3</sup>	5.090.612	5.083.603	5.775.379	6.185.129
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi C°	79,8	79,1	79	79
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda C°	72	72	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2) TJ	1.093,5	1.072,5	1245,1	1333,5
Hlutfall orkuvinnslu:				
Jarðhiti %	91,4	93,3	98	98
Rafmagn %	7,5	6,6	2	2
Olía %	1,1	0,1	0	0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	5	6	6	6
Heildarafl dælna (dælustöðvar og djúpdælur) KW	2.388	2.691	2.761	2.875
Rafmagnsnotkun á dælur (dælust. og djúpdælur) MWh	6.889.400	7.425.446	6.217.172	5.356.718
Miðlunarrými m <sup>3</sup>	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:				
Stál m	232.865	277.108	296.598	300.000
Plast m	9.557	32.177	53.177	62.672
Samtals m	242.422	309.285	349.775	370.172
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	250	300	300	682
Hlutfall dreifikerfis (skurðlengd):				
Einfalt %	60	60	83	84
Tvöfalt %	40	40	17	16


## Raforkudreifing 2005




## Þróun raforkudreifingar 1992-2005



## Raforkudreifing í MWh 1923-2005



## Aftoppar forgangsorku 2005 MWh




### Raforkudreifing og -flutningur

Glerárvirkjun og Djúpadalsvirkjun tengjast beint inn á dreifikerfið.

	Landsnet	Landsnet	Glerárvirkjun	Djúpadalsvirkjun	Heild samtals	Forgangsorka	Forgangsorka
	kwh	ótryggt kwh	kwh	kwh	kWh	Afl kW	Afl kW
Jan.	10.180.609	5.561.062		671.000	16.412.671	20.039	meðaltal
Feb.	8.094.943	3.600.287		904.000	12.599.230	18.478	4 hæstu
Mars	8.471.795	3.716.680		817.000	13.005.475	17.667	
<b>1. ársfj.</b>	<b>26.747.347</b>	<b>12.878.029</b>		<b>2.392.000</b>	<b>42.017.376</b>		Landsnet
Apríl	7.384.973	2.462.782		943.000	10.790.755	17.050	18.736
Mái	6.803.661	2.178.354		945.000	9.927.015	15.765	
Júní	5.905.317	3.269.253		1.263.000	10.437.570	15.819	Djúpidalur
<b>2. ársfj.</b>	<b>20.093.951</b>	<b>7.910.389</b>		<b>3.151.000</b>	<b>31.155.340</b>		1.168
Júlí	5.615.261	2.848.984	184.123	1.360.000	10.008.368	15.619	
Ágúst	6.393.619	2.493.341	163.943	1.276.000	10.326.903	16.047	Samtals
Sept.	7.306.044	3.276.996	125.852	1.161.000	11.869.892	17.501	19.904
<b>3. ársfj.</b>	<b>19.314.924</b>	<b>8.619.321</b>	<b>473.918</b>	<b>3.797.000</b>	<b>32.205.163</b>		
Okt.	8.197.162	2.551.328	137.175	1.249.000	12.134.665	18.009	
Nóv.	9.182.694	2.469.141	102.227	921.000	12.675.062	20.305	
Des.	10.790.524	2.317.326	65.910	734.000	13.907.760	20.794	
<b>4. ársfj.</b>	<b>28.170.380</b>	<b>7.337.795</b>	<b>305.312</b>	<b>2.904.000</b>	<b>38.717.487</b>		
<b>Samtals</b>	<b>94.326.602</b>	<b>36.745.534</b>	<b>779.230</b>	<b>12.244.000</b>	<b>144.095.366</b>		
<b>Samtals</b>	<b>Landsnet</b>	<b>131.072.136</b>		<b>Jöfnunarorka kWh</b>	<b>506.634</b>		


Heildarmagni dreift til viðskiptavina kWh

136.590.000



<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	15.838	16.048	16.270	16.736
Neysluveitur		6.597	6.841	7.032	7.236
<b>Dreifikerfið</b>		<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Aðveitustöðvar	fjöldi	2	2	2	2
uppsett spennaafli	MVA	82	82	82	82
Dreifistöðvar á jörðu	fjöldi	96	102	102	102
uppsett spennaafli	MVA	53	55	55	55
Dreifistöðvar í stólpum	fjöldi	4	3	3	3
uppsett spennaafli	MVA	0,28	0,28	0,28	0,28
Tengiskápar	fjöldi	839	852	875	888
Sölumælar	fjöldi	8.277	8.334	8.535	8.450
Heimtaugar - 25 - 63 A	fjöldi	2.982	3.097	3.209,0	3.345
Heimtaugar - 100 - 315 A	fjöldi	332	337	344	349
Heimtaugar - >400 A	fjöldi	64	65	65	68
33 - 66 kV jarðstrengir	km	4,8	4,8	4,8	4,8
6 - 11 kV jarðstrengir	km	85	112	124	124,3
230/400 V jarðstrengir	km	413	400	413	411,4
6 - 11 kV loftlínur	km	1,25	1,25	1,25	2,7
230/400 V loftlínur	km	10	10	10	3,6
<b>Raforkudreifing</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Varaafli	MVA/MW	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8	1,132/0,8
Raforkuflutningur til dreifiv.	MWh	144.699	144.436	138.558	144.602
Eigin raforkuvinnsla	MWh	30	0	0	779
Forgangsorka - mesta afl	MW			20,19	20,79
Forgangsorka dreifing	MWh			101.538	107.350
Raforkudreifing	MWh	137.974	136.002	128.097	136.590
þar af til heimila	MWh	26.754	27.697	28.972	30.785
þar af til iðnaðar	MWh	57.348	55.152	49.636	54.820
þar af til þjónustu	MWh	48.043	47.028	45.085	44.439
þar af annað	MWh	5.838	6.125	4.404	6.546
Raforkudreifing á hvern íbúa	kwh				8.161
<b>Götulýsing</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Götuljósastólpar	fjöldi	4.308	4.616	4.700	4.700
afl ljósgjafa	kW	562	562	570	555
<b>Glerárvirkjun</b>	Afl kW				280
Framleiðsla	MWh				779






**Kaldavatnsöflun 2005**

**Hlíðarfjall 3.153.954 m³**

**Vaglir 614.690 m³**

**Samtals 3.769.644 m³**


Stuðlarnir á myndinni sýna notkun á köldu vatni í rúmmetrum á mánuði. Neðri hlutinn sýnir vatn frá vatnslindum í Hlíðarfjalli og Glerárdal. Efri hlutinn sýnir það vatn sem dælt er frá Vöglum. Eins og sést á myndinni kemur mest af köldu vatni úr lindum í fjallinu fyrir ofan Akureyri og er það ómetanleg auðlind. Línan á myndinni sýnir meðalrennsli í rúmmetrum á mánuði af vatni ef það er jafnað út yfir árið.



**Kaldavatnsöflun, þróun Samanburður milli ára**

<b>Almennar upplýsingar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Fjöldi íbúa á veitusvæði	fjöldi	16.176	16.400	16.802	17.268
Neysluveitur	fjöldi	7.705	7.949	8.270	8.403
Aukavatnsmælar	fjöldi	108	108	75	124
<b>Vatnsból</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Fjöldi vatnsbóla	fjöldi	3 svæði	3 svæði	4 svæði	4 svæði
Grunnvatn - borholur	fjöldi / l/sek.	12/135	12/135	12/136	13/136
Lindir	fjöldi / l/sek.	19/60-250	19/60	19/60	19/60
Áætluð heildarafkastageta vatnsbóla	l/sek.	390	390	400	405
<b>Vatnsnotkun</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Hámarksálag hjá vatnsveitu	l/sek.	230	235	235	235
Meðalnotkun á sólahring	l/sek.	120	125	125	125
Næturrennsli	l/sek.	65	65	65	65
Vatnssala eftir mæli	m <sup>3</sup> /ár	2.261.904	2.089.883	2.175.584	2.141.637
Áætluð vatnssala	m <sup>3</sup> /ár	5.047.563	5.050.000	4.600.000	4.000.000
<b>Aðveituaðar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Plaströr	km	45	45	45	45
asbeiströr	km	1	1	1	1
<b>Dreifikerfi</b>	<b>Einingar</b>	<b>2002</b>	<b>2003</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>
Plaströr	km	202	250	296	305
Seigjármssteypurör	km	6	6	6	6
Asbeiströr	km	4	4	4	4
Miðlun:					
Miðlunargeymar	fjöldi	4	4	4	4
Miðlunarrými	m <sup>3</sup>	6000	6000	6000	6000
Dæling:					
Dælustöðvar	fjöldi	3	3	3	3
Uppsett afl dælumótora	kW	460	460	460	460
Keypt raforka á dælur	kWh/ár	442.860	465.055	466.000	442.870
Varaafli (uppsett afl)	kW	160	160	160	160





Iðnaður 40,13%    Þjónusta 34,15%    Heimili 22,54%    Annað 3,18%



Iðnaður 5,93%    Þjónusta 32,03%    Heimili 61,27%    Annað 0,78%

## Rafveita Skipting orkunotkunar kWh

## Hitaveita Skipting orkunotkunar m<sup>3</sup>

Á árinu 2005 fjölgaði viðskiptavinum verulega. 204 neysluveitur bættist við rafveitu, 133 við vatnsveitu og 190 nýjar húsveitur við hitaveitu.

Hjá viðskiptavinum var skipt um 553 hita-og vatnsmæla og 640 rafmagnsmæla.

Norðurorka hefur í janúar á hverju ári gefið út gildandi gjaldskrá ásamt ýmsum upplýsingum og dreift henni til allra viðskiptavina.

## Viðskiptavinir

### Meðaltal orkukaupa heimila

Raforkukaup á ári, meðaltal	4.163	kWst.
Raforkukaup á ári	31.805	kr.
Fast gjald á ári	8.646	kr.
Raforkukaup heild á ári	40.451	kr.
Raforkukaup heild á mánuði	3.371	kr.

Kaup á heitu vatni á ári, meðaltal	495	m <sup>3</sup>
Kaup á heitu vatni á ári	46.396	kr.
Fast gjald á ári	14.541	kr.
Kaup á heitu vatni, heild á ári	60.937	kr.
Kaup á heitu vatni, heild á mánuði	5.078	kr.

Allar tölur með VSK

### Notkun á íbúa árið 2005

Kalt vatn	m <sup>3</sup>	232
Rafmagn	kWh	8.640
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	330



## Ársreikningar 2005

### Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	20
Áritun endurskoðenda	21
Resktrarreikningur	22
Efnahagsreikningur	23
Yfirlit um sjóðstreymi	25
Skýringar	26



Félagið er orkuveitufyrirtæki sem selur heitt vatn, rafmagn og kalt vatn á Akureyri og í nágrenni. Á árinu störfuðu fimmtíu starfsmenn að meðaltali hjá félaginu og námu launagreiðslur 190,6 millj. kr. Að auki greiddi félagið launatengd gjöld að fjárhæð 40,0 millj. kr. Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2005 að fjárhæð 301,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 1.624,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 7,5% arður til hluthafa á árinu 2006, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé félagsins í árslok nam 842,6 millj. kr. og skiptist á þrjá hluthafa. Einn hluthafi átti yfir 10% eignarhlut í félaginu, Akureyrarbær, sem átti 98,7% af heildarhlutfé félagsins.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Akureyri, 27. febrúar 2006.

Í stjórn félagsins:

*Mauður Guðmundsdóttir*  
*Hákon Hóskenni*  
*Sigurður Hermannsson*  
*Helgi Snævarsson*  
*Þórunn Sigfríðsdóttir*

Forstjóri:


*Tranz Arnason*

Við höfum endurskoðað ársreikning Norðurorku hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 28. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 27. febrúar 2006.



KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

	Skýr.	2005	2004
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Sala .....	12	1.683.676	1.478.631
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Orkukaup .....		467.151	398.612
Laun og launatengd gjöld .....	13	197.044	244.933
Annar rekstrarkostnaður .....		215.398	213.302
Afskriftir .....	7,15	480.781	493.919
		1.360.375	1.350.766
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		323.301	127.865
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	14	( 27.807)	167.280
Hagnaður án áhrifa hlutdeildarféлага .....		295.494	295.144
Áhrif hlutdeildarféлага .....	8,17	6.009	15.177
<b>Hagnaður ársins .....</b>	<b>22</b>	<b>301.503</b>	<b>310.321</b>

## Eignir

	Skýr.	2005	2004
<b>Fastafjármunir:</b>			
Óefnislegar eignir .....	6	214.861	0
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	15	3.778.052	3.634.117
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	17	88.486	85.477
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	18	146.072	124.784
Verðbréfaeign .....	19	0	620
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		8.050	8.050
		<hr/>	<hr/>
Fastafjármunir		4.235.522	3.853.048
		<hr/>	<hr/>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Birgðir .....	10	60.951	50.250
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	11	176.345	160.718
Kröfur á tengd félög .....		12.493	1.414
Gjaldfallnar og næsta árs afborganir langtímakrafna .....	19	427	1.087
Aðrar skammtímakröfur .....		81	8.654
Handbært fé .....		66.654	172.805
		<hr/>	<hr/>
Veltufjármunir		316.951	394.927
		<hr/>	<hr/>
<b>Eignir samtals</b>		4.552.473	4.247.975
		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>



### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2005	2004
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....	21	842.586	842.586
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....	22	247.301	247.301
Óráðstafað eigið fé .....	22	534.400	283.452
		<u>1.624.287</u>	<u>1.373.339</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	23	<u>0</u>	<u>653.800</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	24	<u>1.959.519</u>	<u>1.681.464</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skuldir við tengd félög .....		903	52.186
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	25	318.731	349.965
Ýmsar skammtímaskuldir .....		649.033	137.220
		<u>968.667</u>	<u>539.371</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>2.928.186</u>	<u>2.874.635</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>4.552.473</u></u>	<u><u>4.247.975</u></u>



## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskilanna*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### *Erlendir gjaldmiðlar*

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2005. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda eru færður í rekstrarreikning.

### *Áhættuvarnir vegna peningalegra eigna og skulda*

3. Afleiðusamningar eru notaðir til að verjast gengisáhættu af langtímaskuldum. Afkoma af áhættuvörninni er færð í rekstrarreikning.

### *Innlausn tekna*

4. Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.
5. Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

### *Óefnislegar eignir*

6. Óefnislegar eignir eru tilkomnar vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Fyrirhugað er að gjaldfæra óefnislegar eignir á tíu árum frá því að nýting eignanna hefst. Engin gjaldfærsla er vegna þessa á árinu.

### *Varanlegir rekstrarfjármunir*

7. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### *Hlutdeildarfélög*

8. Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

### *Eignarhlutir í öðrum félögum*

9. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

### *Birgðir*

10. Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

### *Skammtímakröfur*

11. Skammtímakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótveikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í árslok í efnahagsreikningi.

## Sala

### 12. Sala fyrirtækisins greinist þannig eftir starfsþáttum:

	2005	2004
Tekjur hitaveitukerfis .....	662.892	598.558
Tekjur vatnsveitukerfis .....	215.185	194.212
Tekjur rafveitukerfis .....	765.866	658.794
Aðrar tekjur .....	39.733	27.067
	<u>1.683.676</u>	<u>1.478.631</u>

## Laun og launatengd gjöld

### 13. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	190.630	187.103
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	13.900	69.197
Launatengd gjöld .....	40.008	27.324
Eignfærð laun .....	( 47.494)	( 38.691)
	<u>197.044</u>	<u>244.933</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	50	51

Laun stjórnar og forstjóra námu 12,1 millj. kr. á árinu.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

### 14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur .....	12.457	6.900
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 149.373)	( 37.276)
Gengismunur .....	109.108	197.656
	<u>( 27.807)</u>	<u>167.280</u>

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### 15. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Vatnsveitu- kerfi	Rafveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2005 .....	8.805.692	1.546.411	1.968.441	761.140	13.081.684
Afskriftir samtals 1.1.2005 .....	( 7.022.720)	( 1.084.072)	( 1.090.975)	( 249.801)	( 9.447.567)
	<u>1.782.972</u>	<u>462.339</u>	<u>877.466</u>	<u>511.339</u>	<u>3.634.117</u>
Bókfært verð 1.1.2005 .....	1.782.972	462.339	877.466	511.339	3.634.117
Viðbót á árinu .....	503.454	43.827	83.993	18.443	649.717
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 25.000)	0	0	0	( 25.000)
Afskriftir á árinu .....	( 330.807)	( 44.703)	( 71.106)	( 34.165)	( 480.781)
	<u>1.930.619</u>	<u>461.463</u>	<u>890.353</u>	<u>495.617</u>	<u>3.778.052</u>
Bókfært verð 31.12.2005 ...	1.930.619	461.463	890.353	495.617	3.778.052
Afskriftahlutföll .....	4%	4%	1,7 - 10%	2,5 - 20%	
Áætlaður nýtingartími .....	25 ár	25 ár	10 - 60 ár	5 - 40 ár	

**Vátryggingarverð**

16. Vátryggingarverð veitumannvirkja nam 10.434,9 millj. kr. í árslok 2005. Fasteignamat húseigna nam 582,6 millj. kr. og lóða 110,2 millj. kr. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 1.066,4 millj. kr. Vátryggingarverð lausafjármuna nam 557,4 millj. kr.

**Áhættufjármunir og langtímakröfur****Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum**

17. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum í árslok og tekjufærsla vegna þeirra á árinu greinist þannig:

	Eignar- hluti	Bókfært verð	Fært í rekstrar- reikning
Fallorka ehf., Reykjavík .....	40,00%	64.123	3.204
Tengir hf., Akureyri .....	38,25%	24.364	2.806
Eignarhlutir samtals .....		88.486	6.009

**Eignarhlutir í öðrum félögum**

18. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Enex hf., Reykjavík .....	2,03%	4.500	10.205
Hrafnabjargavirkjun hf., Laugum .....	18,75%	7.500	7.500
Íslensk orka ehf., Akureyri .....	29,22%	47.630	54.776
NetOrka hf., Kópavogi .....	5,00%	1.200	6.647
Stáltak hf., Akureyri .....	1,36%	2.374	2.374
X-orka hf., Húsavík .....	8,47%	750	5.000
Þeistareykir ehf., Húsavík .....	31,97%	110.794	111.720
			198.221
Niðurfærsla hlutabréfaeignar .....			( 52.149)
Eignarhlutir samtals .....			146.072

19. Afborganir af verðbréfaeign í árslok greinast þannig á næstu ár:

Gjaldfallnar afborganir .....	646
Árið 2006 .....	646
Verðbréfaeign samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	1.292
Niðurfærsla verðbréfaeignar .....	( 865)
Verðbréfaeign samtals .....	427

**Skammtímakröfur**

20. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	2005	2004
Niðurfærsla í ársbyrjun .....	8.600	13.200
Tapaðar kröfur á árinu .....	( 3.265)	( 7.696)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	6.565	3.096
Niðurfærsla í árslok .....	11.900	8.600

## Eigið fé

21. Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 842,6 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Á hluthafafundi félagsins 16. júní 2003 var samþykkt heimild til stjórnar félagsins til að hækka hlutfé félagsins um allt að 50,0 millj. kr. að nafnverði. Gert er ráð fyrir að þessi hækkun verði nýtt í áföngum, en ónýtt heimild í árslok nam 39,4 millj. kr.

22. Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2005 .....	842.586	247.301	283.452	1.373.339
Arður til hluthafa .....	0	0	( 50.555)	( 50.555)
Hagnaður ársins .....	0	0	301.503	301.503
Eigið fé 31.12.2005 .....	842.586	247.301	534.400	1.624.287

## Skuldbindingar

23. Á árinu var gerður samningur við Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga Norðurorku hf. við sjóðinn. Skuldbindingin var greidd upp með skuldabréfi til þrjátíu ára. Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun 2005 nam 653,8 millj. kr. en gefin voru út skuldabréf að fjárhæð 660,0 millj. kr. til greiðslu skuldbindingarinnar. Frá sama tíma hófust samtímagreiðslur Norðurorku hf. í sjóðinn og nemur mótframlag nú 25%. Breytingin skuldbindingarinnar greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding 1.1.2005 .....	653.800
Greitt á árinu .....	( 667.700)
Gjaldfært á árinu .....	13.900
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2005 .....	0

## Langtímaskuldir

24. Yfirlit um langtímaskuldir:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD .....	499.479
Skuldir í JPY .....	136.173
Skuldir í EUR .....	649.091
Skuldir í CHF .....	172.045
	1.456.788
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar .....	821.462
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	2.278.250
Næsta árs afborganir .....	( 318.731)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	1.959.519



25. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:	Skuldir í íslenskum krónum	Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Árið 2006 .....	19.363	299.368	318.731
Árið 2007 .....	19.080	637.860	656.940
Árið 2008 .....	19.605	34.120	53.725
Árið 2009 .....	20.165	72.057	92.222
Árið 2010 .....	20.762	72.057	92.819
Síðar .....	722.487	341.327	1.063.813
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	821.462	1.456.788	2.278.250

### Skattamál


26. Samkvæmt lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku nr. 159/2002 er skyldu Norðurorku hf. til greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarsjóða eins farið og um skyldu fyrirtækja og stofnana sem sýslu- og sveitarfélög reka. Norðurorka hf. er því undanþegin tekju- og eignarskatti, en félaginu ber að skila fjármagnstekjuskatti. Með lögum nr. 50/2005 um skattskyldu orkufyrirtækja verður rekstur Norðurorku hf. tekjuskattskyldur frá og með árinu 2006 og mun fyrsta álagning tekjuskatts koma til framkvæmda á árinu 2007. Rekstur vatnsveitu verður áfram undanþeginn tekjuskatti.

### Hlutfjárloforð

27. Félagið er aðili að Hrafnabjargavirkjun hf. og hefur skuldbundið sig til að leggja fram stofnhlutafé að fjárhæð 7.500 þús. kr. Í árslok 2005 er ógreiddur hluti Norðurorku hf. 5.625 þús. kr.

### Kennitölur

28. Helstu kennitölur:	2005	2004
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	0,33	0,73
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn .....	35,7%	32,3%
Innra virði - eigið fé / hlutafé .....	1,93	1,63





NORÐURORKA hf

---

VATN · RAFORKA · VARMI

undirstaða lífs, heilsu og velmegunar

RANGÁRVÖLLUM · PÓSTHÓLF 90 · 602 AKUREYRI  
SÍMI 460 1300 · FAX 460 1301  
NETFANG [nordurorka@no.is](mailto:nordurorka@no.is)  
VEFFANG [www.no.is](http://www.no.is)

---